


LÖG FULLTRÚARÁÐS
SJÁLFSTÆÐISFÉLAGANNA Í KÓPAVOGI



1. gr.

Sjálfstæðisfélögin í Kópavogi, sem viðurkennd hafa verið af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, mynda með sér ráð er nefnist: Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. Fulltrúaráðið starfar eftir skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisfélögin í Kópavogi eru eftirfarandi:

- a. Sjálfstæðisfélag Kópavogs
- b. Sjálfstæðiskvennafélagið Edda
- c. Týr, félag ungra sjálfstæðismanna

2. gr.

Fulltrúaráðið og stjórn þess er tengiliður milli sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi, vettvangur til að samhæfa starf þeirra eftir því sem tók eru á og stjórna sameiginlegum málum þeirra. Ráðinu ber að gangast fyrir fundum og ráðstefnum um starf og stefnu Sjálfstæðisflokksins og efna til þeirra aðgerða sem nauðsyn krefur til eflingar almennu flokksstarfi í Kópavogi. Jafnframt stýrir fulltrúaráðið og stjórn þess undirbúningi fyrir bæjarstjórnarkosningar, ákveður hvernig staðið er að skipun framboðslista flokksins og vinnur að sem mestri kjörsókn stuðningsmanna hans.

3. gr.

Í fulltrúaráðinu eiga sæti fulltrúar sem kjörnir eru í ráðið á aðalfundum sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. Fulltrúaráðið skal skipað það mörgum einstaklingum að svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa bæjarfélagsins þó aldrei fleiri en 180 að viðbættum formönnum allra sjálfstæðisfélaganna.

Sjálfkjörnir í fulltrúaráðið eru bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi og jafnmargir varamenn þeirra ásamt formönnum sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. Einnig eru sjálfkjörnir alþingismenn Sjálfstæðisflokksins á hverjum tíma sem hafa lögheimili í Kópavogi.

4. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins tekur á hverju ári ákvörðun um skiptingu fulltrúaráðsmanna milli félaga miðað við félagatölu hverju sinni. Fulltrúaráðið skal kosið árlega og skulu félögin hafa kosið fulltrúa sína fyrir aðalfund fulltrúaráðsins.

Meðlimir fulltrúaráðsins skulu eiga lögheimili í Kópavogi og vera félagar í einu af sjálfstæðisfélögum í bæjarfélaginu. Fulltrúarnir vinna að þeim verkefnum í þágu Sjálfstæðisflokksins sem stjórn fulltrúaráðsins og stjórnir sjálfstæðisfélaga óska eftir hverju sinni.

Málefni fulltrúaráðs og stjórnar þess eru trúnaðarmál og hafa fulltrúarnir þagnarskyldu varðandi þau. Ársreikningar síðasta starfsárs skulu liggja frammi á aðalfundi fulltrúaráðsins en að öðru leyti er aðgangur að skjölum ráðsins einungis heimill með samþykki stjórnar.

5. gr.

Aðalfundur kýs sex menn í stjórn og þar af er formaður sem skal kjörinn sérstaklega. Auk þess skal kjósa fimm til vara. Kosningu skal haga þannig að fyrst skal kjósa sérstaklega formann stjórnar og síðan hina fimm stjórnarmennina og loks fimm til vara. Komi fram fleiri framboð en kjósa á um skal viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu. Einnig eiga sæti í stjórn fulltrúaráðsins formenn allra sjálfstæðisfélaga er ráðið mynda og eru varaformenn þeirra jafnframt varamenn. Ný stjórn tekur við störfum að loknum aðalfundi.

6. gr.

Stjórn ráðsins boðar til fundar svo oft sem þurfa þykir. Einnig getur fjórðungur fulltrúa eða fleiri krafist skriflega fundar um ákveðið málefni og ef stjórnin verður ekki við þeirri kröfu innan viku frá því að hún barst formanni geta þeir kallað saman fund.

7. gr.

Aðalfundur Fulltrúaráðsins skal haldinn árlega, eins fljótt og verður við komið, eftir að aðalfundur aðildarfélaganna hafa verið haldnir. Á aðalfundi Fulltrúaráðsins skal tekið fyrir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Kjör stjórnar
4. Kjör skoðunarmanns reikninga
5. Kjör fulltrúa í kjördæmisráð
6. Lagabreytingar
7. Önnur mál

Stjórn fulltrúaráðs boðar til aðalfundar með minnst 2 vikna fyrirvara og skal boðun send með rafrænum hætti þeim sem rétt eiga til setu á fundinum, sbr. 3. gr. laga þessara. Framboð til stjórnar, sem og aðrar tillögur fyrir fund, skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

8. gr.

Stjórn fulltrúaráðs leggur fyrir ráðið tillögu um aðferð við val á framboðslista fyrir bæjarstjórnarkosningar. Skal til þess fundar boðað á tryggilegan hátt með auglýsingu þar sem fundarefni kemur skýrt fram. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að tillaga um uppstillingu eða röðun nái fram að ganga en einfaldan meirihluta ef um prófkjör er að ræða.

9. gr.

Kjörnefnd sér um framkvæmd prófkjörs, uppstillingu eða röðun á lista í samræmi við ákvörðun fulltrúaráðs og skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins. Við prófkjör vinnur kjörnefnd eftir prófkjörsreglum flokksins. Kjörnefnd skal gera tillögur um frambjóðendur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Kópavogi og leggja þær fyrir fulltrúaráðsfund til samþykktar.

10. gr.

Kjörnefnd er þannig skipuð að hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn varamann. Fulltrúaráð kýs fjóra aðalmenn og varamann fyrir hvern þeirra. Þá skal formaður stjórnar fulltrúaráðsins vera formaður kjörnefndar. Kjörnefnd skiptir með sér verkum. Gefi

kjörnefndarmaður kost á sér í prófkjör eða taki sæti á framboðslista skal hann víkja úr nefndinni og varamaður taka sæti hans.

Ef bæði aðal- og varamaður eru vanhæfir til setu í kjörnefnd eða forfallast á annan hátt er stjórn viðkomandi félags eða eftir atvikum stjórn fulltrúaráðs heimilt að tilnefna mann í þeirra stað. Störf kjörnefndar eru trúnaðarmál.

11. gr.

Fulltrúaráð skal á aðalfundi kjósa fulltrúa í kjördæmisráð samkvæmt skipulagsreglum flokksins. Formaður stjórnar fulltrúaráðsins er sjálfkjörinn í kjördæmisráð. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaga samkvæmt skipulagsreglum flokksins.

12. gr.

Fulltrúaráð kys fulltrúa sína á landsfund Sjálfstæðisflokksins samkvæmt skipulagsreglum hans. Kosning landsfundarfulltrúa skal fara fram á almennum fulltrúaráðsfundum og skal kosninga getið í fundarboði. Kosningarétt og kjörgengi hafa einungis fullgildir félagsmenn.

13. gr.

Lögum má einungis breyta á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytingartillögur skulu hafa borist stjórn fulltrúaráðs, með skriflegum hætti í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

14. gr.

Lög þessi eru samin með hliðsjón af skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins og gilda ákvæði þeirra um fulltrúaráðið eftir því sem við á.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á aðalfundi þann 11. apríl 2024